



# TILLÖGUR BÆJARRÁÐS/BÆJARSTJÓRNAR UM FJÁRFESTINGA- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2017

## 1. Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2017

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 692.650.000 vegna ýmissa fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2017.

Til fjárfestinga fari kr. 597.000.000, en þar af eru kr. 178.000.000 sem færast frá árinu 2016 og yfir á árið 2017. Í gjaldfærðar framkvæmdir á árinu fari samtals kr. 95.650.000.

Um er að ræða eftirtalda liði:

### 1.1. Uppbygging nýrra svæða, samtals að fjárhæð kr. 218.750.000

#### a) Fjárfestingar og framkvæmdir á Sementsreit að fjárhæð kr. 189.750.000.

*Verið er að vinna deiliskipulag fyrir reitinn jafnframt því sem aðalskipulagi verður breytt til samræmis. Hluti af skipulagsvinnunni hefur verið að ákvarða niðurrif mannvirkja á reitnum. Reiknað er með að fyrsti hluti niðurrifs á reitnum verði á árunum 2017 og 2018. Samhliða því er stefnt á að auka við landfyllinguna sem er fyrir milli Faxabrautar og Sementsbryggju.*

*Þau skipulagsdrög er nú liggja fyrir reikna með því að í fyrri áfanga verði svokolluð efnisgeymsla og ofnhús rifin og þær byggingar sem tengjast þeim nema: Skrifstofubygging við Mánabraut 20, skemma við Faxabraut 10, sementsstrompur og stoðveggir við sandgryfju sem verða teknir þegar farið verður í framkvæmdir við Faxabraut. Leigusamningur er við Sementsverksmiðjuna ehf. um sementssílóin og pökkunarhús til ársins 2028 og hefur ekki verið tekin afstaða til niðurrifs á þeim reit. Til frekari skýringar fylgir kort af reitnum þar sem nánar er tilgreint um niðurrifsáform.*

#### b) Fjárfestingar og framkvæmdir á Dalbrautarreit að fjárhæð kr. 20.000.000.

*Um er að ræða skipulags- og hönnunarvinnu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingu svæðisins og þjónustumiðstöðvar fyrir eldri borgara. Ennfremur er horft til markaðssetningar á svæðinu til þeirra aðla sem hugsanlega hefðu áhuga á uppbyggingu þess, þ.m.t. byggingu sérhæfðra íbúða fyrir eldri borgara.*



- c) **Fjárfestingar og framkvæmdir á tjaldsvæðinu að fjárhæð kr. 9.000.000.**  
*Verið er að klára að deiliskipuleggja tjaldsvæðið. Mikil eftirspurn er eftir frekari rafmagnstenglum inn á svæðið og er áætlað að verða við því á næsta ári ásamt frekara viðhaldi á svæðinu, þar með talið á tjaldsvæðahúsi.*

**1.2. Götur, gangstéttar, stofnstígar/reiðstígar, endurnýjun ljósastaura, græn verkefni, leikvellir og stofnanalóðir samtals að fjárhæð kr. 190.400.000.**

- a) **Fjárfestingar og framkvæmdir vegna gatna að fjárhæð kr. 137.500.000.**  
*Vesturgatan verður endurnýjuð á milli Merkigerðis og Stillholts. Jarðvegsskipt verður í götunni og hún síðan malbikuð. Samhliða þeim framkvæmdum verða götulagnir endurnýjaðar og/eða endurbættar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir byrji í mars 2017 og ljúki um mitt sumar.*
- b) **Endurnýjun gangstétta að fjárhæð kr. 15.000.000.**  
*Sala lóða hefur aukist og því nauðsynlegt að byggja upp nýjar gangstéttir í hverfum sem eru að byggjast upp og er áætlað að verja til þess kr. 10.000.000. Mikil þörf er á endurnýjun gangstétta í eldri hverfum bæjarins og er áætlað að verja til þess kr. 5.000.000.*
- c) **Fjárfestingar og framkvæmdir vegna stofnstíga í bæjarlandinu og reiðstíga að fjárhæð kr. 13.000.000.**  
*Unnið er að heildarskipulagi stígakerfisins á Akranesi og tillaga Landslags þar um verður kynnt fljótlega. Skipulags – og umhverfiráð mun m.a. nýta þá vinnu til að gera tillögu að langtímaáætlun til næstu fimm ára um uppbyggingu. Gert er ráð fyrir að verja kr. 10.000.000 í stofnstíga og 3.000.000 í reiðstíga.*
- d) **Viðhald og endurbætur stofnanalóða að fjárhæð kr. 11.900.000.**  
*Fyrir liggja grunnhugmyndir um aðgerðir á grunnskóla- og leikskólalóðum er lúta að nýjum leiktækum, fallundirlögum, kofum, girðingum, lagfæringu á niðurföllum og endurskoðun á skipulagi lóðanna. Þessar hugmyndir munu verða útfærðar nánar í samráði við forstöðumenn og munu liggja fyrir vorið 2017.*



**e) Leikvellir að fjárhæð kr. 6.000.000.**

Á Akranesi eru 17 leikvellir og viðhaldsþörfin allmikil. Skipulags- og umhverfissráð mun leggja fram tillögur í byrjun árs 2017 um forgangsröðun verkefna en áhersla verður lögð á náíð samráð við íbúa í viðkomandi hverfi um endurbætur.

**f) Endurnýjun ljósastaura að fjárhæð kr. 5.000.000.**

Nauðsynlegt er að endunýja ljósastaura á ákveðnum götum í bænum vegna slyshættu. Fyrir liggur ráðgjöf frá fyrirtækinu Orka náttúrunnar um viðhalds- og endurnýjunarþörf ljósastaura á Akranesi. Á árinu 2017 er reiknað með að endurnýja um 15 staura við Hafnarbraut, Bárugötu, Laugarbraut, Akurgerði og Suðurgötu.

**g) Græn verkefni að fjárhæð 2.000.000.**

Haldið verður áfram að fegra bæjarlandið með gróðursetningu o.fl.

**1.3. Fasteignir, stærri verkefni, samtals að fjárhæð kr. 163.500.000.**

**a) Fimleikahús að fjárhæð kr. 70.000.000.**


Samkvæmt hugmyndum frá Andrúum arkitektum kostar ríflega 1.400 fermetra fimleikahús um 450 m.kr. Innifalið er uppbygging húss, hönnun og hugsanlega einhver búnaður. Á áætlun ársins 2017 er gert ráð fyrir 70 mkr. til verkefnisins.

Ekki er á þessu stigi tekin endanleg afstaða til staðsetningar húss né hvort um viðbótarkostnað yrði að ræða vegna annarra rýma s.s. búningsklefa, geymslur, líkamsrækt o.s.frv.

Staðsetning hússins ræður miklu um hvort stofna þurfi til viðbótarkostnaðar en hafa verður jafnframt í huga að á móti gæti slíkt mannvirki nýst fleirum er stunda íþróttir en þeim sem eingöngu stunda fimleika.

**b) Sundlaugarsvæði Jaðarsbökkum að fjárhæð kr. 55.000.000.**

Gert er ráð fyrir að endurbótum á pottum og undirlagi í sundlauginni að Jaðarsbökkum ljúki vorið 2017. Ákvörðun um hvort settar verði nýjar rennibrautir í stað þeirrar sem fyrir er verður tekin við gerð fjárhagsáætlunar 2018.





**c) Endurbætur á Brekkubæjarskóla að fjárhæð kr. 12.500.000.**

*Rík þörf er á breytingum innanhúss og endurbótum í Brekkubæjarskóla og er gert ráð fyrir að hefja það breytingaferli á árinu 2017.*

**d) Sambýli, búsetuúrræði fyrir fatlaða að fjárhæð kr. 10.000.000.**

*Nauðsynlegt er að taka ákvarðanir um byggingu nýs búsetukjarna fyrir fatlaða og verður leitað til fagaðila á því sviði til samstarfs.*

**e) Fasteignastyrkir að fjárhæð kr. 10.000.000.**

*Árið 2015 var tekinn upp sú nýbreytni að veita styrki til eigenda fasteigna á tilteknu svæði, til að lagfæra útlit húsa og var styrkveitingin skilyrt þannig að samsvarandi mótframlag kæmi frá eigenda viðkomandi fasteignar. Vilji er til að taka þetta fyrirkomulag upp að nýju og verður það kynnt nánar vorið 2017.*

**f) Íbúðir sem fjármagnaðar eru samkvæmt nýjum húsnæðislögum um almennar íbúðir að fjárhæð kr. 8.000.000.**

*Akraneskaupstaður og Brynja, Hússjóður Öryrkjabandalagsins hafa tekið upp samvinnu um fjármögnum íbúða samkvæmt nýjum lögum um almennar íbúðir. Akraneskaupstaður veitir 16% stofnframlag vegna kaupa Brynju á tveimur íbúðum á Akranesi sem ætlaðar eru til útleigu samkvæmt reglum sem Akraneskaupstaður mótar. Áætlað kaupverð íbúðanna er samtals kr. 50.000.000.*

**1.4. Stærri viðhaldsverkefni/viðbætur, samtals að fjárhæð kr. 87.000.000.**

**a) Akraneshöll, endurnýjun gervigrass að fjárhæð kr. 66.000.000.**


*Fyrir liggur álit frá ráðgjafa Sport Verk verkfræðistofu um að grasið sé komið á tíma m.t.t. viðhalds og öryggisþátta og því tímabært að skipta því út.*

**b) Vesturgata lágbyggingar að fjárhæð kr. 10.000.000.**

*Um er að ræða lágbyggingar við Íþróttahúsið á Vesturgötu. Byrjað verður á múrviðgerðum og málun 2017 og það verkefni síðan klárað 2018 ásamt lagfæringu á þaki lágbyggingar er snýr að Háholti.*

**c) Kirkjuhvoll að fjárhæð kr. 6.000.000.**

*Klára þarf rými í suðurenda kjallara jafnframt breytingum á þriðju hæð er varðar salerni og herbergjaskipan. Reiknað er með að ljúka verkefninu 2018.*





**d) Byggðasafn stærri viðhaldsverkefni að fjárhæð kr. 5.000.000.**

*Sett verður upp viðhaldsáætlun fyrir Byggðasafnið til næstu ára. Byrjað verður á safnhúsinu á árinu 2017.*

**1.5. Annað, samtals að fjárhæð kr. 31.000.000.**

**a) Bifreið fyrir ferðaþjónustu fatlaðra kr. 15.000.000.**

*Um er að ræða kaup á bifreið en af ýmsum ástæðum hafa kaupin dregist og því er beiðni um að heimildin færist á milli ára.*

**b) Byggðasafn, ný grunnsýning, endurnýjun búnaðar o.fl. að fjárhæð kr. 7.000.000.**

*Unnið verður að gerð nýrrar grunnsýningar og ráðist verður í kaup á margmiðlunarbúnaði, ráðist í nauðsynlegar endurbætur á húsnæði o.fl.*

**c) Slökkvilið endurnýjun búnaðar að fjárhæð kr. 5.000.000.**

*Fyrir liggur listi frá slökkviliðsstjóra um endurnýjun búnaðar slökkviliðsins til næstu ára. Um er að ræða búnað er lýtur að reykköfun, mengunarvörnum, klippibúnaði, fjarskiptum o.s.frv.*

**d) Annað, óskilgreint að fjárhæð kr. 4.000.000.**

*Á hverju ári falla til ýmis verkefni sem nauðsynlegt er talið að fara í án þess að til sé sértæk áætlun sé til fyrir þau. Því er nauðsynlegt að hafa lið til að raungera slík verkefni.*

**2. Viðhald fasteigna og lóða 2017.**

*Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 75.087.000 til almenns viðhalds og húsumsjónar í Eignasjóði og Fasteignafélagi Akraneskaupstaðar slf. á árinu 2017.*

Akranesi 6. desember 2016

  
Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri

